



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/1603**  
**komudagur 31.3.2004**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2004

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagna tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.

Fjöldmörg vandamál hafa komið upp á síðustu mánuðum varðandi störf EES borgara og annarra í tengslum við ákvæði EES samningsins um frjáls þjónustuviðskipti. Þetta gildir m.a. um almennar upplýsingar um starfsemi þessara aðila hér á landi, fjölda starfsmanna, verkefni sem þeir vinna við og starfstíma. Þá hafa komið í ljós vandkvæði og ágreiningur varðandi greiðslu opinberra gjalda vegna starfsemi erlendar starfsmannaleiga og starfa EES borgara sem koma hingað á grundvelli þjónustuviðskipta. Síðast en ekki síst hafa síðan komið fram upplýsingar um að þessir starfsmenn hafi ekki í öllum tilfellum notið þeirra launakjara og réttinda sem þeim ber skv. lögum og kjarasamningum. Þannig liggja fyrir dæmi um að starfsemi erlendra starfsmannaleiga hér á landi á grundvelli EES samningsins hefur í einhverjum mæli leitt til félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði og dæmi eru um að slík fyrirtæki hafa stundað hér svarta atvinnustarfsemi í skjóli ákvæða EES samningsins um frjáls þjónustuviðskipti (sjá nánar meðfylgjandi minnisblað).

Alþýðusamband Íslands styður efni þingsályktunartillögunnar og hvetur til þess að hún verði samþykkt og að flýtt verði eins og kostur er þeirri löggjafarvinnu sem þingsályktunin kveður á um. Hér er ljóslega um mikilvægt hagsmunamála að ræða fyrir íslenskan vinnumarkað í heild sinni og þá sem þar starfa. Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúð til að koma að undirbúningi slíkrar löggjafar með virkum hætti og leggur áherslu á að farsæl niðurstaða hlýtur öðru fremur að byggja á góðri sátt stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, og þá sérstaklega verkalýðshreyfingarinnar.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ



Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

## **Evrópska efnahagssvæðið (EES) og sameiginlegi vinnumarkaðurinn**

**Minnisblað - mars 2004**

### **EES og frjáls þjónustuviðskipti**

Fjöldmörg vandamál hafa komið upp á síðustu mánuðum varðandi störf EES borgara og annarra í tengslum við ákvæði EES samningsins um frjáls þjónustuviðskipti. Þetta gildir m.a. um almennar upplýsingar um störf þessara aðila hér á landi, fjölda þeirra, verkefni sem þeir vinna við og starfstíma. Þá hafa komið í ljós vandkvæði og ágreiningur varðandi greiðslu opinberra gjalda vegna starfsemi erlendar starfsmannaleiga og starfa EES borgara sem koma hingað á grundvelli þjónustuviðskipta. Síðast en ekki síst hafa síðan komið fram upplýsingar um að þessir starfsmenn hafi ekki notið þeirra launakjara og réttinda sem þeim ber skv. lögum og kjarasamningum.

Mikilvægt er að tekið verði á þessum vandamálum af festu. Í því sambandi er einnig mikilvægt að hafa í huga að ákvæði EES samningsins um frjáls þjónustuviðskipti munu taka gildi gagnvart nýjum aðildarríkjum ESB um leið og þau verða hluti af EES. Þar er ekki um neina aðlögunarfresti að ræða.

Ljóst er að um erlenda starfsmenn sem koma til starfa hér á landi á grundvelli þjónustuviðskipta gilda löggin um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001, hvað varðar réttindi þeirra og skyldur á vinnumarkaði.

#### **1.1.1 Löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir og starfsmannaleigur**

Af hálfu ASÍ hefur verið lögð áhersla á að sett verði löggjöf um einkareknar vinnumiðlanir og starfsmannaleigur. Í slíkri löggjöf þarf m.a. að kveða á um starfs- og upplýsingarskyldu fyrirtækja af þessu tagi gagnvart stjórnvöldum sem málið varðar. Þá verði ákvæði um bann við gjaldtöku, mismunun og ákvæði er lúta að persónuvernd og skyldur slíkra fyrirtækja að öðru leyti eins og þær eru skilgreindar í lögum nr. 54/2001.

#### **1.1.2 Starfsmenn sem hluti af þjónustuviðskiptum**

Löggjöf sem sett yrði um einkareknar vinnumiðlanir og starfsmannaleigur mundi ekki ná til þeirra erlendu starfsmanna sem koma hér til lands sem hluti af þjónustuviðskiptum, s.s. ef kaupum á vélum og tækjum eða húsnæði fylgir uppsetning á slíkum búnaði. Mikilvægt er að skoða með hvaða hætti megi sem best fylgjast með slíkri starfsemi og tryggja að hún leiði ekki til undirboða eða svartrar atvinnustarfsemi. Þessir þættir eru nú í frekari skoðum hjá Alþýðusambandinu og raunar einnig á Evrópuvísu.

Hér skiptir miklu að koma í veg fyrir að frjáls þjónustuviðskipti séu ekki notuð til þess að komast hjá reglum um frjálsta för launafólks og útsenda starfsmenn.

Eitt af þeim atriðum sem þar koma til sérstakrar skoðunar (og gildir líka um starfsmennaleigurnar) er hvort og þá með hvaða hætti sé hægt að draga þann sem kaupir þjónustuna til ábyrgðar varðandi kjör og aðbúnað þeirra starfsmanna sem vinna verkið, þótt þeir séu í vinnuréttarsambandi við 3. aðila.

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1642  
komudagur 5.4.2004



Nefndanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2004

**Efni: Umsögn BSRB um þingsályktun um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.**

BSRB hefur borist til umsagnar þingsályktun um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál. BSRB vísar í umsögn sinni til eftirfarandi ályktunar sem samþykkt var á 40. þingi bandalagsins í október 2003:

40. þing BSRB krefst þess að verktakafyrirtæki virði í hvívetna kjarasamninga, lög og reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Stjórnvöldum ber skylda til að taka í taumana ef brotið er á launafólki eða ekki sinnt kröfum sem almennt eru gerðar hér á landi um aðbúnað á vinnustað.

Í ljósi þess sem gerst hefur við Kárahnjúka telur 40. þing BSRB mikilvægt að lög verði sett um erlendar starfsmannaleigur. Með lögunum þarf að tryggja að erlendir starfsmenn sem koma á vegum starfsmannaleiga til starfa á Íslandi njóti sömu réttinda og kjara og Íslendingar á vinnumarkaði.

F.h. BSRB

Handwritten signature of Svanhildur Halldórsdóttir in black ink.  
Svanhildur Halldórsdóttir

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1493*  
*komudagur 24.3.2004*  
**EYÞING** – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 23. mars 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

**Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.**

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2595*  
*komudagur 5.7.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík.

Reykjavík, 1. júlí 2004.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur falið mér að gefa umsögn sem óskað var eftir með hjálögðu bréfi félagsmálanefndar. Félagið styður umrædda tillögu til þingsályktunar um starfsmannaleigur, 125. mál, heilshugar. Til rökstuðnings er vísað til meðfylgjandi bréfs dags. 15. október 2003 og fylgigagna.

Virðingarfyllst,

  
Atli Gíslason hrl.

Ljósrit sent  
Félagi Íslenskra atvinnuflugmanna.



LÖGFRÆÐISKRIFSTOFA ATLA GÍSLASONAR hrl., sf.

Félagsmálaráðuneytið  
Samgönguráðuneytið  
Vinnumálastofnun  
Útlendingastofnun og  
Flugmálastjórn Íslands

Reykjavík.

Reykjavík, 15. október 2003.

Með bréfi dags. 23. september 2003 óskaði ég fyrir hönd Félags íslenskra atvinnuflugmanna tiltekinna upplýsinga hjá Flugmálastjórn um fullgildingu skírteina erlendra flugmanna sem starfa hjá íslenskum flugrekendum. Bréf voru einnig send til Samgönguráðuneytisins og Vinnumálastofnunar vegna málsins þar sem einnig var óskað tiltekinna upplýsinga. Hjalagt fylgja ljósrit af nefndum bréfum. Fyrir liggja svör með bréfi Flugmálastjórnar dags. 30. september 2003, Samgönguráðuneytisins með bréfi dags. 1. október 2003 og Vinnumálastofnunar með bréfi dags. 7. október 2003, sbr. meðfylgjandi ljósrit. Ljóst er að Flugmálastjórn hefur fullgilt 143 skírteini erlendra flugmanna árið 2001, þar af 97 skírteini flugmanna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, og 166 skírteini árið 2002, þar af 92 skírteini flugmanna utan Evrópska Efnahagssvæðisins. Fyrir liggur af mótteknum svörum að umræddir flugmenn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins hafa hvorki fengið atvinnuleyfi né dvalarleyfi á Íslandi eða í öðrum löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins þótt þeir dvelji þar langdvölum og stundi atvinnu. Þeir íslensku flugrekendur sem hlut eiga að máli virðast ennfremur ekki hafa fengið leyfi til að ráða þessa flugmenn til starfa. Jafnframt má lesa úr svörunum að öllu almennu eftirliti og sértæku sé ábótavant, svo sem með för nefndra flugmanna um Evrópska efnahagssvæðið og langvarandi dvöl og störf þar, með heilbrigði flugmannanna og með flugskírteinum þeirra svo dæmi séu nefnd. Loks verður ekki séð að leitað hafi verið samþykkis aðildarríkja EB og EFTA-ríkja fyrir framkvæmd mála. Verður að telja að með því hafi íslensk stjórnvöld brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum lagafyrirmælum sem sett hafa verið á grundvelli samninga um það eins og nánar verður rökstutt hér á eftir.

Samkvæmt lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993 hafa samningsaðilar í huga það markmið að mynda öflugt einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisreglum á grundvelli svonefnds fjórfrelsis. Samningurinn er jafnt skuldbindandi fyrir ríkisstjórnir viðkomandi landa sem og atvinnurekendur og einstaklinga sem þar eiga heimili. Samningurinn felur í sér réttindi og skyldur fyrir nefnda aðila sem ekki taka

til ríkja, fyrirtæka og einstaklinga utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í 1. gr. I. hluta samningsins er markmiðum og meginreglum hans lýst. Í e. lið 2. mgr. 1. gr. er tekið fram að koma skuli á kerfi sem tryggji að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum. Samkvæmt 3. gr. skulu samningsaðilar gera allar viðeigandi almennar eða sértækar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningum leiðir og varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum hans verði náð. Í þessu samhengi er einnig vísað til 28. gr., 53. gr., 58. gr. og 61. gr. III. hluta. Verður ekki betur séð en að framkvæmd mála brjóti gegn þessum ákvæðum. Í 61. gr. er meðal annars tekið skýrt fram að hvers kyns aðstoð sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum sé ósamrýmanleg framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila, þar með talið milli flugrekenda. Á grundvelli fullgildinga nefndra skírteina fara viðkomandi flugmenn um Evrópska efnahagssvæðið, dvelja þar langdvölum og starfa án atvinnu- og dvalarleyfa. Það getur ekki staðist. Engin dæmi eru um það að flugrekendur í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins geti ráðið til sín flugmenn frá löndum utan svæðisins án þess að þeim hafi verið veitt atvinnuleyfi og dvalarleyfi. Viðkomandi flugmenn eru auk þess ráðnir á mun lakari kjörum en evrópskir flugmenn og gjarnan sem gerviverktakar gegnum meintar áhafnaleigur með starfsstöðvar utan Evrópu sem lög ná trauðla til. Auk mun lakari starfskjara en almennt gerist í Evrópu virðist áhafnaleigukerfið opna dyr fyrir skattahliðrunum, sbr. meðfylgjandi samningsskilmála áhafnaleigunnar ACE og ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra dags. 27. ágúst 2003. Hvernig sem á málið er litið er réttindum flugmanna búsettum á Evrópska efnahagssvæðinu og samkeppnisstöðu annarra íslenskra sem Evrópskra flugrekenda, svo sem Icelandair hf., raskað verulega. Á þessu stigi málsins er einnig vísað til skuldbindinga samkvæmt 66. gr., 67. gr. og 68. gr. VI. hluta sem ekki virðast virtar. Í fylgiskjali II., bókun 1, er kveðið á um það í 7. lið að líta beri á réttindi og skyldur aðildarríkjanna eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á grundvelli samnings um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland fullgilt fjölda tilskipana og leitt í lög ákvæði um útlendinga, atvinnuréttindi þeirra og fjálsan atvinnu og búseturétt og svo mætti lengi telja. Í lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga er tekið fram að ákvæði laganna gildi um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi. Í 1. tl. 3. gr. er hugtakið atvinnuleyfi skilgreint sem leyfi sem félagsmálaráðherra veitir útlendingi til að starfa hér á landi eða atvinnurekanda til að ráða útlending í starf. Í 2. mgr. 6. gr. er skýrt tekið fram að það sé óheimilt hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að ráða útlending til starfa eða hlutast til um að útlendingur flytjist til landsins í því skyni án atvinnuleyfis. Virðist liggja í augum uppi að lögin gildi um ráðningu til íslensk atvinnurekanda burtséð frá því hvort starfið er innt af hendi hér á landi eða í loftförum skráðum hér til flugs um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 14. gr. laganna eru ríkisborgarar í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, en ekki þeir flugmenn sem hér eiga hlut að máli. Ljóst má vera að lögin skilja á milli atvinnuleyfis og dvalarleyfis. Umræddir flugmenn frá löndum utan svæðisins hljóta þó ávallt að þurfa atvinnuleyfi þegar þeir ráða sig til flugrekanda sem á lögheimili á Íslandi og til viðbótar dvalarleyfi starfi þeir og dvelji samfellt þrjá mánuði hér á landi eða í öðrum Schengen-löndum samanlagt eins og raunin er, sbr.

einnig 8. gr. 35. gr. og 36. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga. Minnt er á að skýra skal lög og reglur til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993. Það samrýmist engan veginn skuldbindingum okkar skv. EES-samningnum að heimila ríkisborgurum utan efnahagssvæðisins að dvelja og starfa á því án atvinnuleyfis og dvalarleyfis, þ.e. á grundvelli fullgildingar flugskírteinis eins og framkvæmd mála felur í sér, sbr. fyrri lagatilvísanir og jafnframt gagnályktanir frá þeim. Hér skal ennfremur minnt á ákvæði laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við lagafyrirmæli með sama forgangsrétti til starfa en ekki ríkisborgarar annarra landa. Má segja að nefndir flugmenn hafi farið inn bakdyramegin til starfa á Evrópska efnahagssvæðinu þvert á tilgang lagafyrirmæla þar að lútandi og andstætt beinum lagaákvæðum.


Það liggur fyrir að umræddir flugmenn hafa ráðið sig til starfa hjá íslenskum flugrekendum sem eiga hér lögheimili og hafa kosið að skrá loftför sín hér á landi. Íslensk lög taka til starfa þeirra um borð í þessum loftförum, sbr. m.a. lög um loftferðir nr. 60/1998 og 4. gr. almennra hegningarlaga 19/1940. Einföld gagnályktun frá lögum nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins leiðir einnig til þeirrar afdráttarlausu niðurstöðu að flugmenn frá ríkjum utan Evrópu geta ekki starfað þar án atvinnu- og dvalarleyfa. Hér má ennfremur vísa til laga nr. 112/1984 og 113/1984 með áorðnum breytingum. Nefndir flugrekendur öðlast veigamikil réttindi til flugs innan Evrópska efnahagssvæðisins og verða að sama skapi að lúta skyldum sem því fylgja og sækja um atvinnuleyfi fyrir flugmenn sína sem koma frá löndum utan svæðisins. Aðrar lögskýringar fara í bága við 3. gr. laga nr. 2/1993, tilgang og markmið EES-samningsins og þeirra lagaákvæða sem vísað er til hér að framan.

Með hliðsjón af framanrituðu og fleiri ónefndum lagaákvæðum og röksemdum verða svör í fyrrnefndum bréfum Samgönguráðuneytisins, Flugmálastjórnar og Vinnumálastofnunar að teljast ófullnægjandi. Þessum aðilum er öllum lögskýlt að sjá til þess að samningsskuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og löggjöf sem leiðir af honum sé fullnægt. Hvorki Félagsmálaráðuneytið né Samgönguráðuneytið geta ekki látið það óátalið að fullgilding skírteina flugmanna frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins jafngildi því að þeir geti án frekari leyfa dvalið og stundað vinnu innan svæðisins hjá flugrekendum sem hafa skráða starfsstöð hér á landi. Flugmálastjórn ber sömu skyldur samkvæmt lögum nr. 2/1993. Flugmálastjórn hefur jafnframt samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 og rgl. nr. 419/1999 sjálfstæða eftirlitsskyldu gagnvart viðkomandi flugmönnum bæði hvað varðar flugskírteini þeirra og heilbrigði og hefur skyldur gagnvart öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Verður ekki séð að Flugmálastjórn fullnægi eftirlitsskyldum sínum við fullgildingu skírteinanna og eftir að hún hefur átt sér stað og öðrum skyldum, svo sem skv. JAR-FCL 1.015 í rgl. nr. 419/1999. Túlkun Vinnumálastofnunar í bréfi dags. 7. október 2003 getur ekki talist vera samræmi við samning um Evrópska efnahagssvæðið og afleidd lög eins og fyrr er rakið. Það blasir einnig við að framkvæmd mála mismunar íslenskum flugrekendum og raskar samkeppnisstöðu þeirra þvert á skýr ákvæði samningsins. Ennfremur bitnar framkvæmdin sárlega á atvinnulausum flugmönnum búsettum í Evrópu og reyndar einnig á starfandi flugmönnum andstætt tilgangi og ákvæðum EES-samningsins.



Með hliðsjón af öllu framansögðu er þeim eindregnu tilmælum beint til móttakenda bréfs þessa að grípa til allra tiltækra úrræða til að koma í veg fyrir að fullgilding Flugmálastjórnar á skírteinum flugmanna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins leiði til þess að unnt sé að brjóta í bága við og eða fara á svig við þá löggjöf og samninga sem vísað er til hér að framan.

Virðingarfyllst,  
fm. Félags íslenskra atvinnuflugmanna,

  
Atli Gíslason, hrl.



Lögfræðiskrifstofa Atla Gíslasonar hrl.,sf.  
b/l Atli Gíslason, hrl.  
Ingólfsstræti 5, 4. hæð  
101 Reykjavík

Dagsetning  
Reykjavík, 7. október 2003

Tilvísun  
2003090150  
552.5

Vísað er til bréfs yðar dags. 23. september s.l. þar sem spurst er fyrir um það hvort Vinnumálastofnun hafi haft afskipti af málefnum erlendra flugmanna sem starfa hjá íslenskum flugrekendum.

Erindi vegna erlendra flugmanna hafa ekki borist Vinnumálastofnun frá því stofnunin tók við veitingu atvinnuleyfa útlendinga í ágúst 1998. Í kjölfar umræðna um málið í fjölmiðlum fyrir nokkru síðan kannaði stofnunin hins vegar, með tilliti til gildissviðs laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga, hvernig ráðningum erlendra flugmanna og annarra erlendra starfsmanna um borð í íslenskum flugvélum væri háttáð. Sú könnun leiddi í ljós að um er að ræða ráðningar í gegnum svo kallaðar áhafnaleigur og ekki er beint ráðningarsamband á milli flugáhafnarinnar og hins íslenska flugrekanda heldur sér áhafnaleigan um launagreiðslur til starfsmanna en flugrekandi greiðir "leigu" í einni upphæð til áhafnaleigunnar. Flugrekandi greiðir þar af leiðandi engin launatengd gjöld eða skatta. Í þessu sambandi er hins vegar bent á ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra dags. 27. ágúst s.l. þar sem fjallað er um skattalega stöðu þegar um er að ræða "leigu" á erlendu vinnuafli.

Gildissvið ofangreindra laga um atvinnuréttindi útlendinga kemur fram í 1. gr. laganna en þar segir: *Ákvæði laga þessara gilda um heimild útlendinga til atvinnu hér á landi.* Í 1. gr. eldri laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994 sem felld voru úr gildi frá og með 1. janúar s.l með gildistöku laga nr. 97/2002 segir: *Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi.* Til samanburðar má benda á að lög um loftferðir nr. 60/1998 gilda á *"íslensku yfirráðasvæði og um borð í íslenskum loftförum hvar sem þau eru stödd..."* sbr. 1. gr. laganna og er gildissvið þeirra laga því mun víðtækara en laganna um atvinnuréttindi útlendinga.

Ófrávikjanlegt skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis skv. lögum um atvinnuréttindi útlendinga er að Útlendingastofnun hafi veitt útlendingi dvalarleyfi hér á landi. Þar sem erlendar flugáhafnir um borð í íslenskum flugvélum eru almennt ekki starfandi á íslenskri grundu og koma í mörgum tilfellum aldrei hingað til lands þurfa starfsmennirnir ekki að sækja um dvalarleyfi hér sbr. 9. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga.

Með hliðsjón af framanrituðu er það ljóst að lög um atvinnuréttindi útlendinga ná ekki yfir umrædda starfsemi að óbreyttu þar sem gildissvið laganna takmarkast við heimild útlendinga til atvinnu hér á landi en ná ekki yfir íslenskt yfirráðasvæði og því síður um borð í íslenskt loftfar hvar sem það er statt. Bent er á að ekki liggja fyrir upplýsingar um þjóðerni þeirra sem ráðnir hafa verið af íslenskum flugrekendum með milligöngu áhafnaleiga en skv. 14. gr. laga



nr. 97/2002 eru ríkisborgarar Evrópska efnahagssvæðisins undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi.

F.h. Vinnumálastofnunar

Heiða Gestsdóttir, forstöðum. stjórnsýslusviðs

Alþingi  
Erindi nr. Þ 120/1712  
komudagur 14.4.2004



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 7. apríl 2004

Tilvísun: FEL04030036/0004/HSG/--

Félagsmálaráðuneytið vísar til erindis yðar, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins vegna tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál. Málefni er lúta að frjálsri för launafólks og þjónustuviðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins sem og þátttöku ríkisborgara annarra ríkja á innlendum vinnumarkaði hafa mjög verið til umræðu á samráðsvettvangi ráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins á síðastliðnum mánuðum. Þar á meðal hefur staða starfsmanna er starfa hér á landi á vegum erlendra starfsmannaleiga sérstaklega verið rædd.

Starfsmannaleigur með staðfestu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa heimild á grundvelli 36. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið til að senda tímabundið hingað til lands starfsmenn sína í því skyni að veita hér þjónustu án þess að hafa staðfestu hér á landi. Um réttarstöðu starfsmanna þeirra eru í gildi lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Lögin eru að efni til byggð á tilskipun Evrópubandalagsins nr. 96/71/EB, um útsenda starfsmenn. Enn fremur er sérstök heimild í 10. gr. laga nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, til að veita tímabundin atvinnuleyfi til þriðja ríkis borgara sem fyrirhugað er að senda hingað til lands á vegum fyrirtækis sem ekki hefur starfsstöð hér á landi. Íslensk lög taka að takmörkuðu leyti til starfsemi þessara fyrirtækja er þau veita hér þjónustu, hvort sem starfsstöð þeirra er innan eða utan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem þau hafa ekki staðfestu hér á landi.

Félagsmálaráðherra sendi í nóvember sl. erindi til vinnumálaráðherra annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem óskað var eftir upplýsingum er lúta að framkvæmd efnis tilskipunar nr. 96/71/EB, um útsenda starfsmenn. Hafa nú þegar margir svarað. Á sama tíma sendi ráðuneytið jafnframt erindi til Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins þar sem leitað var eftir afstöðu þeirra til starfsemi starfsmannaleiga hér á landi. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að kalla saman óformlegan starfshóp þessara aðila til að fara yfir málið í heild sinni. Þykir því ekki tímabært að svo stöddu að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

F. h. r.

 Gylfi Kristjánsson

 Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir

# Fjórðungssamband Vestfirðinga



Mál nr. 594. Um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum o.s.frv. Erntir o.fl.

## Umsögn:

Svo virðist í kaflanum um erni að verið sé sérstaklega að bregðast við tilteknum dómi hæstaréttar. Ekki er gerð athugasemd við það, en varast þó að fara offari með þeim viðbrögðum.

Í VII kafla og 18. gr 2. málsgrein leggjum við til að komi eftirfarandi viðbót á eftir orðunum myndatöku og rannsókna, “;og vegagerðar”.

**Stjórn FSV leggst alfarið gegn því ákvæði í 19. gr. að ekki megi koma nær arnarhreiðrum en 500 m. á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst.**

Ákvæði þetta virðist eiga að gilda um öll hreiðurstæði arna sem einhverntíma hefur verið orpið í þó enginn fugl hafi orpið þar síðustu árin. Til frekari rökstuðnings bendum við á að á Vestfirðum sérstaklega við Breiðafjörð eru ýmis búsvæði arna, sem sum hafa ekki verið notuð árum saman. Á þessum slóðum er mjög mikið eftir í vegalagningu og m.a. hefur verið í skoðun hjá Vegagerðinni og Skipulagsstofnun ýmsar nýjar leiðir um Gufudalssveit og Múlasveit. Sumar þær leiðir koma nálægt gömlum arnarstæðum, t.d. þverun fjarða. Með því að setja það skilyrði sem nefnt er að ekki megi koma nær gömlum hreiðurstæðum en 500 m er í raun verið að segja að ekki megi leggja þarna vegi. Þá fer að verða lítið landrymi fyrir nýja vegarlagningu, sem íbúar Barðastrandarsýslu hafa lengi beðið eftir, og vænst er að auki ferðamannastraum til Vestfjarða.

**Við beinum þeim eindregnu tilmælum til Umhverfisnefndar Alþingis að hún taki þessar ábendingar okkar til greina við afgreiðslu frumvarpsins.**

**Mál nr. 452.** Tillaga til þingsályktunar um vetnisráð. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

X **Mál nr. 125.** Tillaga til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur. Stjórn FSV tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

Vinsamlegast komið þessum ályktunum til viðkomandi nefnda Alþingis.

Virðingarfyllst.

Ísafirði 29. mars 2004.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga.

*Jóna Valaey Kristjánisdóttir*

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2020  
komudagur 19.4.2004

Laugarási við Kárahjúka 16. apríl 2004

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.**

Impregilo S.p.A. Ísland hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga, þar sem lagt er til að félagsmálaráðherra verði falið að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um erlendar starfsmannaleigur, eins og það er orðað.


Að þessu tilefni vil Impregilo láta eftirfarandi koma fram:

Félagið hefur þjónustuaðild að Samtökum atvinnulífsins og styður fyllilega þau sjónarmið sem samtökin hafa sett fram um ofangreinda tillögu. Um efni málsins vísast því umsagnar SA, sbr. bréf dagsett 30. mars 2004.

Félagið vill hins vegar láta koma fram að því er það mikið undrunarefni að á þjóðþingi Íslendinga skuli dreift þingskjali með svo margháttuðum, alvarlegum og röngum ásökunum í garð nafngreinds fyrirtækis og felast í greinargerð með nefndri tillögu. Rógburðurinn er einsdæmi og slíkur að tæpast er tilefni til að sérstakra andsvara. Þó vill félagið taka eftirfarandi fram:

Ljóst að sökum einstaklega skamms undirbúningstíma sem gefinn var til að hefja þær umfangsmiklu framkvæmdir sem Impregilo annast nú fyrir Landsvirkjun á Austurlandi, var aðbúnaður ekki eins og best var á kosið um nokkurra mánaða skeið fram á síðasta haust. Þá var samtímis unnið hörðum höndum að eiginlegum framkvæmdum og uppbyggingar aðstöðu fyrir á annað þúsund starfsmenn. Þeir erfiðleikar eru nú langt að baki. Þá var í október mánuði sl. gengið frá samkomulagi við verkalyðsfélög starfsmanna um það hvernig tryggt væri að uppgjör við erlenda starfsmenn samræmis íslenskum kjarasamningum og lögum. Er fyrirtækinu ekki kunnugt um annað en að fullt traust sé með aðilum um þá framkvæmd.

Virðingarfyllst,



Ómar R. Valdimarsson,  
talsmaður Impregilo SpA

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8 - 10

Tilvísun vor: 98.11  
Dags.: 23.04.2004

150 REYKJAVÍK

Varðar: **Þingsályktunartillaga um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál**

Landsvirkjun þakkar erindi háttvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem kostur er gefinn á umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar þess efnis, að félagsmálaráðherra verið falið að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigufyrirtækja (sem einnig má auðkenna með heitunum afleysingarfyrirtæki eða atvinnumiðlanir, sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 54/2001 um réttarstöðu starfsmanna, sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja).

Frá sjónarhóli Landsvirkjunar er það eðlilegt og í sjálfu sér virðingarvert, að starfsemi þessara fyrirtækja skuli veitt athygli af hálfu löggjafarvaldsins. Þau eru að sjálfsögðu ekki ný af nálinni, en hins vegar hafa þau rutt sér til rúms í auknum mæli í nágrannalöndum okkar austan hafsins vegna hins stórauðna hreyfanleika á vinnuafli, sem þróast hefur innan Evrópusambandsins.

Reynsla Landsvirkjunar af starfsemi fyrirtækjanna er bundin við virkjunarframkvæmdir hennar, þ.e. störf í byggingariðnaði, þar sem fyrir hefur komið, að verktakar hennar hafi útvegað sér starfskrafta með aðstoð þeirra. Af eðlilegum ástæðum hefur Landsvirkjun aldrei leitað þessa úrræðis við útvegum vinnuafns, þar sem bygging virkjana hennar hefur almennt verið falin verktökum með útboðum verkefna á samkeppnisgrundvelli, eins og raunar er til ætlast að meginstefnu samkvæmt gildandi lögum. Í verksamningum hennar hefur það ávallt verið meðal undirstöðuatríða, að útvegum mannafls til hinna ýmsu verka sé á ábyrgð og áhættu verktakanna. Sem verkkaupa er Landsvirkjun þannig nauðsynlegt að öðru jöfnu að forðast íhlutun um ráðningu og stjórnun á starfsliði verktaka sinna, þótt hún eigi að hinu leytinu tilkall til þess, að hæfni starfsmanna og fjöldi á hverjum tíma sé í samræmi við umsamdar kröfur um gæði og framvindu verkanna. Má segja almennt séð, að möguleikar Landsvirkjunar til áhrifa á það, hvaða starfsfólk veljist til byggingarframkvæmda á hennar vegum, hafi fyrst og fremst verið bundnir við möguleika á að skipta niður verkum við virkjanirnar á þá leið, að innlendir jafnt sem erlendir verktakar gætu ráðið við hin einstöku verkefni. Þeir möguleikar hafa ráðist af stærð virkjananna og almennum hagkvæmnisjónarmiðum á hverjum tíma, auk þess sem nauðsyn hefur verið að gæta þess, að virk samkeppni um verkefnið yrði fyrir hendi.

Fram til þessa hefur það heyrt til undantekninga, að starfsmenn verktaka við virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar hafi komið frá atvinnumiðlunarfyrirtækjum, og mun óhætt að fullyrða, að þátttaka slíkra fyrirtækja í atvinnulífi á Íslandi undanfarin ár og áratugi hafi





fremur komið til á öðrum sviðum (svo sem hjá samgöngufyrirtækjum og sjúkrahúsum), án þess að efni séu til að tíunda hér um það einstök dæmi.

Í greinargerð með þingsályktunartillögum er mjög vísað til atvika frá upphafi framkvæmda við byggingu Kárahnjúkavirkjunar á sl. sumri og hausti, þar sem erlendur verktaki var að koma upp vinnubúðum og annarri aðstöðu og hefjast handa um framkvæmdir að umfangsmiklum jarðvinnuverkefnum samkvæmt tveimur verksamningum, m.a. með aðstoð íslensks undirverktaka. Aðkoma verktakans að þessum verkum var byggð á tilboðum frá honum við alþjóðlegt útboð, sem stóðust samanburð við kostnaðaráætlun ráðgjafa Landsvirkjunar, og milli hennar og verktakans lágu fyrir skýrir verksamningar á grundvelli útboðsgagna. Í samningunum var ekki tekin sérstök afstaða til þess, fremur en venja hefur verið hjá Landsvirkjun, hvort starfsmenn hans við framkvæmdirnar yrðu allir ráðnir beint eða fyrir tilhlutan atvinnumiðlana að einhverju leyti, enda var forsendan sú eins og fyrr greinir, að starfsfólkið yrði allt í ábyrgð hans. Hins vegar voru þar skýr ákvæði um, að um ráðningarkjör og aðbúnað starfsmanna væri hann í hvívetna háður íslenskum lögum og reglum ásamt þeim kjarasamningi, sem í gildi væri um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar. M.a. var honum kynnt það með skýrum hætti, hvaða reglur ættu við um lágmarkslaun við verkin samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og þessum kjarasamningi. Landsvirkjun telur ekki ástæðu til að fjalla hér sérstaklega um þau atvik, sem tilfærð eru í greinargerð með tillögum, eða hversu rétt sé þar frá skýrt. Hins vegar er skylt að taka fram, að það er ekki nýnæmi, að ýmsir örðugleikar komi upp hjá verktökum við byrjun framkvæmda af þessu tagi, þrátt fyrir eðlilegan undirbúning verkkaupa megin. Um Kárahnjúkavirkjun er að sjálfsögðu ljóst, að hún er víðamesta virkjun Landsvirkjunar frá því að Búrfellsvirkjun var byggð á árunum 1966-69, og raunar að henni meðtalinni. Jafnframt er aðstæðum á vinnumarkaði nú þannig háttáð, að vegna jákvæðrar efnahagsþróunar hér á landi geta verktakar ekki gengið að því vísu eins og oft áður, að íslenskt vinnuafl kunni að vera ódýrara en erlent. Hvort tveggja þetta þarf að hafa í huga við mat á nefndum atvikum, auk þess sem þannig hefur greiðst úr málum við athugan þeirra og frekari framvindu verkanna, að ætla má, að þau heyri nú sögunni til.

Þingsályktunartillagan er allrar athygli verð og eðlilegt er að Alþingi fjalli um málið, eins og áður sagði. Það er hins vegar álit Landsvirkjunar, að ekki sé sérstök þörf á sérstakri lagasetningu til að tryggja eðlilega framvindu verka við Kárahnjúkavirkjun ásamt því, að kjör og aðbúnaður starfsmanna verði með eðlilegum hætti og að allir starfsmenn njóti þeirra réttinda, sem lög og kjarasamningar standa til. Þótt aðstaða Landsvirkjunar til aðhalds gagnvart verktökum mótist óhjálpsamlega af því, sem almennt gildir um stöðu verkkaupa, hafa bæði verksamningar hennar og gildandi lög að geyma viðunandi heimildir handa henni og stjórnvöldum til að verja þessa hagsmuni, og að bregðast við því, sem úrskaiðis kann að fara, með viðeigandi ráðstöfunum.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1623*  
*komudagur 1.4.2004*



Skógarhlíð 12 - 105 Reykjavík - Sími: 520-4700

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Þskj. 125 – 125. mál.

## Tillaga til þingsályktunar

um erlendar starfsmannaleigur.

Að svo stöddu gerir undirrituð ekki athugasemd við ofangreinda tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, en tekur undir meginatriði tillögunnar; í fyrsta lagi að brýnt sé að tryggja erlendum starfsmönnum, sem koma á vegum starfsmannaleigna til starfa á Íslandi, sambærilegra réttinda og Íslendingar njóta á vinnumarkaði og í öðru lagi að komið sé í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum sem leigja vinnuafli gegnum starfsmannaleigur.

Reykjavík 30. mars 2004

F.h. Hagvangs ehf.

Katrín S. Óladóttir

Framkvæmdastjóri Hagvangs ehf.

LIÐSAUKI  
Ráðningarþjónusta  
Mannafl  
RÁÐGJÖF OG RÁÐNINGAR  
vinna.is  
ATVINNUMÍÐLUN

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2004


Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.

Varðandi erindi ykkar dagsett 10. mars sl., viljum við taka fram að starfsemi ráðningarstofa IMG hefur ekki beinna hagsmuna að gæta varðandi málið, en við styðjum eindregið lagasetningu til að tryggja starfsréttindi og starfsöryggi fólks á vinnumarkaði.


Í þeim tilfellum sem við höfum ráðið erlenda starfsmenn hingað til lands hefur þess verið gætt í hvívetna að framfylgja íslenskum lögum og reglugerðum og átt gott samstarf við hlutaðeigandi stéttarfélög og Vinnumálastofnun.

Virðingarfyllst,


f.h. Mannafls

  
Auður Bjarnaðóttir, ráðningarstjóri


f.h. Liðsauka

  
Helga Jónsdóttir, ráðningarstjóri

f.h. Vinna.is

  
Agla Sigr. Björnsdóttir, ráðningarstjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1534**  
**komudagur 25.3.2004**



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM**  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

*Suðurnesjum 2. febrúar 2004.*

*Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.*

***Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur,  
125. mál.***

*Á stjórnarfundum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 18. mars s.l. var  
tekið fyrir erindi yðar dags. 10. mars 2004 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til  
þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál.*

*Eftirfarandi var fært til bókar.*

*“Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.*

*Þetta tilkynnist hér með.*

*Virðingarfyllst,*

  
*Guðjón Guðmundsson framkv.stj.*



Alþingi  
Efnahag og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

HS/aa

Rvk. 30.03.2004

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál, þar sem lagt er til að félagsmálaráðherra verði falið að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigu fyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins vekja athygli á því að um kjör starfsmanna sem erlendar starfsmannaleigur senda til starfa hér á landi fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja nr. 54/2001. Samkvæmt lögunum ákveða kjarasamningar lágmarkslaunakjör þessara starfsmanna á sama hátt og gildir um íslenska starfsmenn.

Tilskipun ESB um útsenda starfsmenn var innleidd hér á landi með fyrrgreindum lögum en réttur fyrirtækja, þar með talið starfsmannaleiga, til að fara með starfsmenn sína milli landa er hluti þjónusturéttar EES samningsins.

SA fær því ekki séð að það samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES- samningnum að lögfesta sérstakar reglur um starfsemi erlendra starfsmannaleiga né að þess sé nokkur þörf. Eftirlit með launum og aðbúnaði erlendra starfsmanna lýtur í grundvallaratriðum sömu reglum og almennt gilda á íslenskum vinnumarkaði. Í nýgerðum kjarasamningum var auk þess gert sérstakt samkomulag um útlendinga sem m.a. heimilar trúnaðarmanni að kynna sér gögn um laun og önnur starfskjör erlends launafólks sé rökstuddur grunur um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **P** 130/1673  
komudagur 6.4.2004

Selfossi, 6. apríl 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 2. apríl sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um erlendar starfsmannaleigur 125. mál.

Eftirfarandi um sögn var samþykkt:

*Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar leggur til að jafnframt verði tryggt að útsvör vegna erlendra starfsmanna starfsmannaleigna skili sér til sveitrafélaga í samræmi við lög.*

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS



Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/1625*  
*komudagur 1.4. 2004*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 29. mars 2004

**Efni: Till. til þingsál. um erlendar starfsmannaleigur (125. mál).**

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu. Markmið þessarar tillögu er að félagsmálaráðherra undirbúi og leggi fram frumvarp þess efnis að tryggt verði að erlendir starfsmenn sem koma hingað til starfa á vegum starfsmannaleigna njóti sambærilegra réttinda og Íslendingar á vinnumarkaði. Auk þess á frumvarpið að koma í veg fyrir dulin undirboð á vinnumarkaði og tryggja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Verslunarráð hefur lagt á það áherslu að erlent vinnuafli eigi greiðan aðgang að störfum hér á landi. Verslunarráð vill því ekki taka undir þau orð greinargerðar með þingsál.til. þar sem segir: „nýr hreyfanleiki vinnuafli hefur skapað glufur fyrir fyrirtæki einsog starfsmannaleigur til að flytja vinnuafli yfir landamæri...” Verslunarráð telur að hér séu engar „glufur” á ferð heldur mikil sóknafæri fyrir íslenskt atvinnulíf. Verslunarráð tekur hins vegar undir með flutningsmönnum að mikilvægt sé að tryggja rétt erlendra starfsmanna og tryggja um leið samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Það er hluti af EES samningnum og hefur tilskipun ESB um útlenda starfsmenn verið innleidd hér á landi. Lög nr. 54/2001 um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja gilda um fyrirtæki sem hefur staðfestu utan Íslands og sendir starfsmann hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu. Þegar slíkt fyrirtæki sendir starfsmann hingað til lands í skilningi laganna gilda íslensk lög um starfskjör hans og reglur settar á grundvelli þeirra, án tillits til erlendra löggjafar sbr. 3. gr. l. nr. 54/2001. Jafnframt eiga trúnaðarmenn samkvæmt kjarasamningum rétt á að afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga leiki grunur á að verið sé að brjóta á réttindum starfsmanna.

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS


ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Verslunarráð Íslands sér ekki þörf á að fela félagsmálaráðh. að undirbúa umrætt frumvarp og getur því ekki verið samþykkt þingsál.tillögu þessari.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigprúður Ármann

Sigprúður Ármann

*Póstáritun:*  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)